



Lúxemborg, 20. janúar 2003

Fréttatilkynning 02/03

Forseti EFTA-dómstólsins tilkynnir hér með að í opnu þinghaldi dómstólsins, sem háð verður í Hémicycle byggingunni, 1 rue du Fort Thüngen, L-1499 í Lúxemborg, föstudaginn 24. janúar 2003 kl. 11.00, verður kveðinn upp dómur í máli E-1/02.

Málið er höfðað af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi og þess krafist að viðurkennt verði með dómi, að með því að halda í gildi löggjöf, sem mælir fyrir um að tiltekinn fjöldi stöðugilda við háskóla skuli eingöngu ætluð konum, brjóti Noregur gegn 7. og 70. gr. EES-samningsins og gagnvart 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. gerðar þeirrar sem vísað er til í 18. lið í viðauka XVIII við samninginn. (Tilskipun 76/207/EBE frá 9. febrúar 1976 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör).

Frekari upplýsingar veitir:

Dómritari
EFTA-dómstóllinn
1, rue du Fort Thüngen
L-1499 Lúxemborg

Sími: 00 35 2 42 10 81
Bréfasími: 00 35 2 43 43 89